

Alþingi
Erindi nr. P 140/2402
komudagur 11.5.2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
REYKJAVÍK 150

Reykjavík, 11. maí 2012
Tilvísun: 2012050138

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727 mál. HER vísar til fyrri umsagnar sem send var þann 11.11.11 til Iðnaðarráðuneytisins og Umhverfisráðuneytisins á opinn vef www.rammaaetlun.is - rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði (umsögnin er nr. 142 og er hægt að nálgast hér <http://www.rammaaetlun.is/umsagnir/innsendar-umsagnir/umsogn/142>).

HER fagnar því að í tillögu til þingsályktunar hafi verið bætt við kafla, nr. 5.3 þar sem bætt hefur verið við texta varðandi einstaka virkjunarkosti og snýr að eftirliti og vöktun varðandi brennisteinsvetni og niðurdælingar. HER vill jafnframt minna á að í dag eru langtímaáhrif lágs styrks brennisteinsvetnis á heilsu almennings ekki þekkt (CIAD 2003). Því er mikilvægt að tryggja að fyrirhugaðir virkjunarkostir t.d. í nálægð höfuðborgarsvæðisins eins og á Reykjanesskaganum sem ekki hafa nú þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum (MÁU) uppfylli sömu kröfur og aðrir kostir hvað varðar brennisteinsvetnismengun. Eðlilegt er að fjallað sé um slíkt í kafla 5.3.

Að lokum telur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að eðlilegt væri að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis fjalli um þetta mál en ekki einungis atvinnuveganefnd. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða snýr einnig að heilbrigðis- og umhverfisþáttum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Anna R. Böðvarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi